

Alþingi
Erindi nr. P 141/1523
komudagur 12.2.2013



Atvinnuveganefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 12. febrúar 2013
Mál nr. 1302007

Umsögn um frumvarp til laga um strandveiðar, 219. mál

Atvinnuveganefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Samtaka atvinnulífsins og Landssambands íslenskra útvegsmanna um frumvarp til laga um strandveiðar, 219. mál.

Samtökin telja að hætta eigi strandveiðum og að fella þær aflaheimildir sem ráðstafað hefur verið til þeirra undir aflahlutdeildarkerfið. Strandveiðar fela í sér sóun og óhagkvæmni, leiða til lakari meðferðar afla, minni verðmætasköpunar og taka störf af atvinnusjó mönnum. Nefna má að í útgefnu hefti Hagstofunnar „Hagur veiða og vinnslu“ fyrir árið 2011 kemur fram að tap af strandveiðum nam 219 milljónum króna á árinu 2011.

Með 3. gr. frumvarpsins er lögð til sú breyting að í stað þess að 6.000 tonna af óslægðum botnfiski verði ráðstafað 6.700 tonnnum til svokallaðra strandveiða á hverju fiskveiðiári.

Það er afar ósanngjarnt að þeir sem tóku á sig skerðingar til uppbyggingar fiskistofna fái ekki að njóta afrakstursins. Þá stingur sérstaklega í augun að margir sem nú stunda strandveiðar seldu aflahlutdeild sína til þeirra sem þurfa að þola skerðingu vegna strandveiðanna. Aflaheimildir í þorski hafa verið skertar hjá mörgum vegna ýmiskonar annarra aðgerða sem mismuna aðilum, s.s. vegna tilfærslu aflaheimilda til svokallaðra smábáta, byggðakvóta, línuívilnunar og rangra slægingastuðla.

Með frumvarpinu er stefnt að því að taka enn frekari aflaheimildir frá þeim sem hafa aflahlutdeild og færa til aðila sem í mörgum tilvikum hafa áður selt frá sér aflaheimildir sínar. Þannig er verið að viðhalda hringrás sem hefur í för með sér að sömu einstaklingarnir geta komist inn í kerfið aftur og aftur á kostnað þeirra sem fyrir eru. Því fjölgar skipum, sem sækja úr takmarkaðri auðlind, með tilheyrandi kostnaði og sóun. Á sama tíma liggur fjöldi atvinnufiskiskipa bundinn eða er gerður út á hálfum afköstum. Gengið er á hlut þeirra sem hafa fiskveiðar að aðalvinnu og tekjumöguleikar þeirra skertir en öðrum ívilnað.

Með því að heimila í 2. mgr. 3. gr. frumvarpsins að afli sem fæst við strandveiðar reiknist ekki til aflamarks eða krókaafلامarks er beinlínis verið að mismuna gagnvart þeim sem hafa keypt aflaheimildir.

Strandveiðar hafa ekki styrkt byggð eða treyst atvinnu í sjávarbyggðum. Mörg hundruð bátar eru gerðir út í skamman tíma til að sækja fisk sem auðveldlega mætti sækja með skipum sem gerð eru



út í afla- og krókaafلامarkskerfunum. Fyrirtæki þurfa hráefni allt árið um kring, en strandveiðar geta ekki stuðlað að öruggum eða arðbærum rekstri vegna hins skamma tíma sem veiðarnar standa. Þá er aðstaða til meðferðar afla misjöfn um borð í skipum sem stunda strandveiðar og sá tími og sú veiðislóð sem þeir stunda ekki til þess fallin að skapa mest verðmæti. Reynslan hefur enda sýnt að í mörgum tilvikum eru gæði þess hráefnis sem þau bera að landi ekki sem skyldi.

Frumvarpið gengur þvert á markmið um að þeir sem stunda íslenskan sjávarútveg beri ábyrgð á rekstri og ákvörðunum sínum. Enn á að taka aflaheimildir af þeim sem hafa keypt sínar heimildir og dregið úr veiðum til að byggja upp fiskistofna. Verði frumvarpið að lögum er unnið gegn markmiðum um sjálfbæran og arðbæran sjávarútveg.

Samtökin leggja því til að frumvarpið nái ekki fram að ganga.

f.h. Samtaka atvinnulífsins

f.h. Landssambands íslenskra útvegsmanna